

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um tónlistarnám fatlaðra.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hefur farið fram könnun á því hvernig tónlistarskólar eru í stakk búnir til þess að mæta þörfum fatlaðra nemenda hvað varðar aðbúnað og kennslu? Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hennar?
2. Telur ráðherra að þörf sé á úrbótum í þessum málum, og þá hverjum, og mun ráðherra beita sér fyrir slíkum úrbótum þannig að jafnræði ríki milli fatlaðra og ófatlaðra hvað tónlistarnám varðar?